Ferðatryggingasjóður – Umsögn

Ferðatryggingasjóður er sjálfseignarstofnun sem hefur það hlutverk að tryggja hagsmuni ferðamanna sem keypt hafa pakkaferð eða samtengda ferðatilhögun sem ekki er framkvæmd í samræmi við samning vegna ógjaldfærni eða gjaldþrots seljanda.
- Ef hlutverk sjóðsins er að tryggja hagsmuni ferðamanna á kostnað ferðaskrifstofa m.v. eðlilega viðskiptahætti þá eru ferðamálayfirvöld á villigötum. Hlutverk sjóðsins ætti að vera að starfa í þágu ferðaskrifstofa og viðskiptavina þeirra að eðlilegum samningum um ferðakaup (þ.m.t. greiðslur) og eðlilega neytendavernd, sem að stærstum hluta til verði í höndum þar til gerðra fyrirtækja, þ.e. tryggingarfélaga og kortafyrirtækja. Ferðaskrifstofur eru ekki tryggingarfélög og þær eru bundnar af samningum við birgja og skilmálum þeirra ekki síður en af samningum við viðskiptavini um ferðakaup. Ferðaskilmálar ferðaskrifstofa verða að vera lögvarðir, þ.m.t. heimild til að innheimta allt að 15-20 % staðfestingargjöld (= umsýsluþóknun) sem eru óendurkræf eftir viku frá greiðslu, enda um tekjur ferðaskrifstofa að ræða sem nýttar eru til rekstrar fyrirtækjanna á meðan unnið er fyrir viðskiptavini að úrvinnslu, utanumhaldi og undirbúningi ferða, oftast í 6-12 mánuði fyrir ferð.

Einn stjórnarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu samtaka fyrirtækja í ferðaþjónustu, **einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Neytendasamtakanna,** og einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar. - Hvers vegna eiga Neytendasamtökin, sem eru frjáls félagasamtök, að fá fulltrúa í stjórn sjóðs sem ferðaskrifstofur fjármagna? Er það eðlilegt? Ferðatryggingarsjóðurinn ætti að vera fyrir ferðaskrifstofur og viðskiptavini þeirra?

Tryggingavernd nær til allrar ferðatengdrar þjónustu sem er hluti af samningi um pakkaferð og **er ekki veitt sökum ógjaldfærni eða gjaldþrots seljanda. Ferðamálastofa tekur afstöðu til krafna ferðamanna um greiðslur úr Ferðatryggingasjóði.**
- Hvað með ferðir sem ekki eru framkvæmdar af öðrum orsökum, t.d. vegna force majeure?

Seljendur pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar sem hafa til þess leyfi skv. lögum um Ferðamálastofu skulu sækja um aðild að Ferðatryggingasjóði eigi síðar en 1. júlí 2021. Samhliða umsókn um aðild að Ferðatryggingasjóði skulu seljendur greiða sem nemur 1,5% af tryggingafjárhæð hlutaðeigandi seljanda árið 2019 í stofngjald til sjóðsins.
- Verður árlegt iðgjald 2.5% eða 10% af reiknaðri tryggingarupphæð til viðbótar stofngjaldinu? Við hvað miðast tryggingarupphæðin? Tekjur 2019, tekjur 2020, áætlun 2021 eða áætlun 2022 ?

Með nýju tryggingakerfi fyrir ferðaskrifstofur vegna sölu pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar er stuðlað að efnahagslegri sem og samfélagslegri sjálfbærni greinarinnar með regluverki sem bætir hag bæði neytenda og ferðaskrifstofa. Þannig verður neytendavernd að fullu tryggð með hinu nýja tryggingakerfi og ferðaskrifstofur þurfa ekki að binda háar fjárhæðir í tryggingafé eins og núgildandi kerfi gerir ráð fyrir. – Þetta nýja fyrirkomulag er ekki hugsað **í þágu ferðaskrifstofa og viðskiptavina þeirra.** Hagur ferðaskrifstofa og eðlilegir viðskiptahættir eru hér fyrir borð bornir eins og verið hefur.

Það tryggingakerfi sem stuðst hefur verið við hér á landi hefur að mestu verið óbreytt um lengri tíma fyrir utan breytingar sem urðu á útreikningi á fjárhæð trygginga sem gerðar voru með reglugerð um tryggingar vegna pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar, nr. 150/2019, sem sett var í kjölfar gildistöku laga nr. 95/2018.

– Þetta er ekki alls kostar rétt. Í jan. 2016 varð veigamikil breyting á útreikningi alferðaskyldrar veltu ferðaskrifstofa. Fram að þeim tíma gátu ferðaskrifstofur dregið kostnað við áætlunarflug pakkaferða frá heildartekjum til að fá fram alferðaskyldar tekjur. Það er enda eðlilegt að flugfélög beri fjárhagslega ábyrgð á flugi allra sinna farþega, þar með talið farþegum í pakkaferð hvort sem söluaðili er ferðaskrifstofa eða ekki. Eina eðlilega ábyrgð ferðaskrifstofa á flugi ætti að vera v/ eigin leiguflugs. Lög sem gera ferðaskrifstofur fjárhagslega ábyrgar fyrir áætlunarflugi flugfélaga eru íþyngjandi ólög. Lög verða að vera réttlát og sanngjörn. Þessi drög eru það ekki.

Á ferðaskrifstofum hvílir umfangsmikil upplýsingaskylda svo mögulegt sé að reikna út þau gildi sem liggja til grundvallar fjárhæð tryggingа en þau gildi eiga að endurspegla þá áhættu sem er af rekstri hverrar ferðaskrifstofu. Þau gildi eru tryggingaskyld velta af sölu pakkaferða, sá fjöldi daga sem líður frá því fullnaðagreiðslu er krafist og þar til ferð hefst, meðalhlutfall staðfestingargreiðslu af heildargreiðslu pakkaferða og meðallengd ferða í dögum.
- Til minnkunar áhættu af rekstri ferðaskrifstofa sem selja utanlandsferðir frá Íslandi ætti að koma sá fjöldi daga sem líður frá lokagreiðslu viðskiptavina til ferðaskrifstofu þar til greiðsla er innt af hendi til birgja vegna flugs annars vegar og landpakka hins vegar.

Að lokum má einnig nefna að í því ástandi sem skapaðist í upphafi kórónuveirufaraldursins leiddi tryggingakerfið til mikils óbeins kostnaðar fyrir ferðaskrifstofur þar sem viðskiptavinir gátu ekki treyst því fyrirfram að **trygging hverrar ferðaskrifstofu myndi nægja til að greiða öllum viðskiptavinum fyrirframgreiðslu til baka að fullu** og höfðu þeir því rökrétta ástæðu til að krefja ferðaskrifstofur um fulla endurgreiðslu þeirra greiðslna í stað þess að velja t.d. að taka við inneignarnótu sem hefði verið mildari leið fyrir fyrirtækin. **Af þessu hlaust mikill lausafjárvandi fyrir ferðaskrifstofur sem leystur var síðar með stofnun Ferðaábyrgðasjóðs sem lánaði ferðaskrifstofum fyrir endurgreiðslum.**
- Þetta er rangt. Ástandið sem skapaðist varð vegna pressu frá Neytendasamtökunum um 100% endurgreiðslur innan 14 daga. Rangfærslum Neytendasamtakanna var hvorki svarað af Ferðamálastofu né SAF þegar því var haldið fram að tryggingar ferðaskrifstofa dygðu til að endurgreiða ferðamönnum allar greiðslur, en ekki minnst á að ferðaskrifstofur höfðu ekki aðgang að sínum tryggingum nema með því að fara í gjaldþrot eða rekstrarstöðvun. Að kalla 97% tekjufall „lausafjárvanda“ lýsir litlum skilningi á ástandinu og orsökum þess. Vandinn var ekki leystur með stofnun Ferðaábyrgðasjóðs, honum var velt áfram.

2.5. Markmið frumvarpsins. Markmið frumvarps þessa og með stofnun Ferðatryggingasjóðs er að **koma á hagstæðara og skilvirkara tryggingakerfi en nú er og lágmarka þá ókosti sem almennt fylgja tryggingaskyldu vegna pakkaferða.** Þannig næst í senn að draga úr kostnaði hverrar ferðaskrifstofu við að uppfylla tryggingaskyldu sína og tryggja neytendum fullar endurgreiðslur komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar. – Þetta er ágætlega orðað en því miður er frumvarpið meingallað og mun ekki laga það sem að er í lögum um ferðamál á Íslandi anno 2021.

Þá minnka einnig almennt líkur á gjaldþroti eftir því sem rekstur ferðaskrifstofu er umfangsmeiri.
- Hvernig var það fundið út? Margir telja að þessu sé öfugt farið; því umfangsmeiri rekstur = þeim mun meiri áhætta og þ.a.l. aukast líkur á gjaldþroti, en minnka ekki.

3.4 Aukin neytendavernd. Það felst í rekstri tryggingasjóðs í formi sjálfseignarstofnunar að **hann mun greiða allar kröfur ferðamanna** óháð stöðu sjóðsins hverju sinni.
- Er það 100% víst að allar kröfur sem ferðamenn gera séu sanngjarnar, réttlátar og beri að greiða? Ef ekki þá þarf að breyta orðalagi þessarar greinar til samræmis við grein 3.5 um endurkröfurétt.

Áhrif frumvarpsins á rekstur ferðaskrifstofa er líklegur til að verða töluverður. Nú eru um 300 aðilar með ferðaskrifstofuleyfi frá Ferðamálastofu. **Þannig munu fjárhæðir sérstakra tryggginga sem hver og ein ferðaskrifstofa þarf að leggja fram lækka umtalsvert og verða að fjárhæð um 10% af því sem nú gildir.** Það mun hafa þau áhrif að bankaábyrgðir sem flestar ferðaskrifstofur þurfa að afla sér vegna tryggingaskyldunnar munu lækka jafn mikið. Flestar ferðaskrifstofur þurfa auk þess að setja tryggingu fyrir bankaábyrgðinni, oftast í formi veðs. - Ef á móti kemur að árlegt iðgjald er svipað eða hærra en alferðatryggingin var áður hver er þá akkurinn fyrir ferðaskrifstofur?

Markmið sjóðsins er að tryggja neytendavernd vegna sölu pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar og þau fyrirtæki sem selja slíkar ferðir fjármagna sjóðinn. Eðlilegt er því að fulltrúi neytenda sitji í stjórn sjóðsins og jafnframt fulltrúi þeirra fyrirtækja sem fjármagna hann og eru bundin skylduaðild að honum. Ekki er skylduaðild að neinum samtökum fyrirtækja í ferðaþjónustu og því getur það komið til að fyrirtæki sem eru háð skylduaðild að sjóðnum séu ekki aðilar að slíkum samtökum. Telja verður þrátt fyrir það að slík samtök séu heppilegur aðili til að vera fulltrúi þeirra fyrirtækja. – Ósammála bæði varðandi fulltrúa frá SAF og Neytendasamtökunum.

Iðgjaldið er ekki föst fjárhæð heldur tekur mið af reiknaðri tryggingafjárhæð seljanda. Lagt er til að meginreglan verði sú að fjárhæð iðgjalda nemi 2,5% af reiknaðri tryggingafjárhæð hvers aðila að sjóðnum. Að hámarki mun iðgjaldið geta numið 10% af reiknaðri tryggingafjárhæð ef stjórn sjóðsins ákveður hærra iðgjald vegna skuldbindinga sjóðsins í kjölfar lántöku eða til að byggja upp eignir sjóðsins svo þær nái lögbundnu lágmarki. - Hér hringja viðvörunarbjöllur! Þýðir þetta að fyrirtæki sem var 2019 með alferðatryggingu að upphæð 20 milljón kr. verði krafið um iðgjald kr. 500.000 ... eða allt að fjórfaldri þeirri upphæð, ef stjórn sjóðsins sýnist svo?

Um 5. Gr - Hér þætti okkur eðlilegt að taka mið af skuldastöðu seljenda, þ.e. að þeir njóti góðs af því ef skuldir eru litlar eða engar. Það hefur ekkert tillit verið tekið til þess hingað til.

Nýir aðilar sem sækja um aðild að sjóðnum á miðju ári munu greiða fullt iðgjald fyrir það ár og þeir aðilar sem hætta rekstri á miðju ári geta ekki fengið greitt iðgjald endurgreitt.
- Iðgjald er reiknað út sem hlutfall tryggingarfjárhæðar væntanlega yfir heilt ár, en samt eiga ferðaskrifstofur að greiða fullt iðgjald fyrir ½ árs aðild að sjóðnum ... ? Íþyngjandi eins og annað.

Að lokum:
Við viljum sjá Ríkissjóð stíga myndarlega inn í stofnun nýs ferðatryggingasjóðs. Fá ef einhver fyrirtæki á Íslandi eru jafn illa stödd fjárhagslega um þessar mundir og ferðaskrifstofur. Samt er þeim gert að byggja sjóðinn upp sjálfar. ATH. vegna fyrstu greiðslna í sjóðinn, þ.e. stofnframlag og iðgjald fyrsta árið að langflestar ferðaskrifstofur á Íslandi hafa verið tekjulausar eða því sem næst í 12 mánuði.

Nýtt fyrirkomulag og ný lög hafa ekkert upp á sig ef ekki er tekið á eftirfarandi:
1. Ferðaskilmálar ferðaskrifstofa verði lögvarðir, þ.m.t. heimild til að innheimta 15-20% óendurkræf staðfestingar- og þjónustugjöld, enda um tekjur ferðaskrifstofa að ræða sem nýttar eru til rekstrar fyrirtækjanna á meðan unnið er fyrir viðskiptavini að úrvinnslu, utanumhaldi og undirbúningi ferða, oftast í 6-12 mánuði fyrir ferð. Ferðaskrifstofur eru bundnar af samningum og skilmálum birgja.
2. Ferðskrifstofur beri ekki fjárhagslega ábyrgð á flugþætti pakkaferða í áætlunarflugi. Ef þessu verður breytt í það horf sem var fyrir jan. 2016, þá má reikna með að tryggingarþörf ferðaskrifstofa vegna pakkaferða lækki um 1/3. Það munar um minna.

Reykjavík 12. mars 2021 / Hörður Hilmarsson